



151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 440 — 354. mál.
Stjórnarfrumarp

Umsögn sýslumannsins í Vestmannaeyjum um frumvarp til laga um breytingu samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Frá félags- og barnamálaráðherra

Inngangur

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum vill koma að nokkrum athugasemdum við frumvarp félags- og barnamálaráðherra um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Sýslumaður fagnar framkomnu frumvarpi en telur að enn megi bæta þjónustu við börn með aukinni samþættingu miðað við það sem fram kemur í frumvarpinu og vill benda á nokkur atriði þar að lútandi.

Rétt er að taka fram að í Vestmannaeyjum stendur nú yfir tilraunaverkefni sem stýrt er af sýslumanni þar sem markmiðið er að efla og þróa samvinnu sýslumanns, lögreglu, barnaverndar og félagsþjónustu. Tilraunverkefnið var styrkt af félags- og barnamálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti. Liður í því verkefni var að kalla saman til vinnustofu fagaðila frá þessum stofnunum sem vinna að málefnum barna hvaðanæva af landinu og fór hún fram í september 2020. Á vinnustofunni voru dregnar fram helstu hindranir sem starfsfólk þessara stofnana taldi vera í vegi þeirra þegar kemur að því að bæta þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu en með tilraunaverkefninu er lögð sérstök áhersla á að ná til barna sem búið hafa við ofbeldi á heimili. Eitt af því sem mikill samhljómur var um hjá því fagfólki sem mætti til vinnustofunnar var óöryggi þegar kemur að upplýsinga- og gangamiðlun á milli stofnana. Í tengslum við þá ábendingu fengum við álit Persónuverndar á ýmsum ábendingum sem komu upp á vinnustofunni sem eru svipuð þeim álitaeftum frumvarp þetta fjallar um.

Vinna við þetta tilraunaverkefni hefur varpað ljósi á nokkur atriði og álitaefti sem fjallað er um í þessu frumvarpi og þykir rétt að miðla henni áfram með þessari umsögn.

Umsögn um einstakar greinar frumvarpsins

- 14. tl. 2 gr.

Taldir eru upp þeir sem falla undir hugtakið *þjónustuveitandi* samkvæmt frumvarpinu. Ekki er um tæmandi talningu að ræða en í dæmaskyni eru taldir upp leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.

Á grundvelli hjúskaparlaga og barnalaga veita sýslumenn ýmsa þjónustu fyrir fólk sem stendur í skilnaði og til barna í viðkvæmri stöðu en svo virðist vera skv. athugasemdum í frumvarpsdrögum að ákvörðun hafi verið tekin um að úrskurðaraðilar, s.s. sýslumenn ættu ekki að teljast til þjónustuveitenda skv. frumvarpinu. Þykir því sérstök ástæða til að benda á að ýmis málefni barna sem unnin eru á borði sýslumanns falla ekki undir úrskurðarhlutverk þeirra, raunar eru mál sem leidd eru til lykta með úrskurði sýslumanns í talsverðum minnihluta samanborið við fjölda þeirra mála sem lýkur með samningum foreldra. Sýslumenn veita þannig leiðbeiningar sem styðja við



Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

foreldra til að ljúka málum með samningum og í sátt, jafnvel eftir sáttameðferð hjá sýslumanni sem leidd er af sérfræðingum í málefnum barna, sálfræðingum og félagsráðgjöfum.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að færa mál úr átakafarvegi yfir í sáttafarveg og eftirsóknarvert er að ganga lengra inn á þau braut. Má þar nefna sem dæmi breytingar á barnalögum árið 2013 þar sem bætt var inn ákvæðum um skyldu til sáttameðferðar m.a. með þeir rökum að það sé gert til að draga úr álagi á dómstólum. Þá hefur sýslumaður stóru hlutverki að gegna í verkefninu *Samvinna eftir skilnað* sem hefur verið tilraunaverkefni í tveimur sveitarfélögum en nú hafa 6 sveitarfélög bæst við í þann hóp. Í verkefninu birtist m.a. mikilvægi samspils sýslumanns og félagsþjónustu.

Með þessu vill sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum vekja athygli á því að jafnvel þó sýslumenn teljist til úrskurðaraðila þá sinna þeir líka verkefnum sem fela beinlínis í sér félagslega þjónustu og mikilvæga leiðbeiningu. Aukinheldur þurfa sýslumenn, félagsþjónusta og barnavernd oft að eiga gott samstarf um málefni fjölskyldna sem á borði þeirra eru. Þykja því öll rök hníga til þess að mikilvægt sé sýslumenn verði tilgreindir sem þjónustuveitendur samkvæmt frumvarpi barna- og félagsmálaráðherra til að bæta þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu enn frekar.

- 23. gr.


Hér er fjallað um vinnslu persónuupplýsinga við samþættingu þjónustu. Tilgangur og markmið ákvæðisins er ákaflega brýnt og eitt þeirra atriða sem fagfólk virðist óöruggt með vegna persónuverndarreglna. Mikilvægt er því að heimildir til vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga séu skýrar og traustar fyrir starfsfólk en óvissa hefur verið stór hindrum þegar kemur að því að bæta þjónustu við þennan viðkvæma hóp. Sýslumaður vekur því sérstaklega athygli á mikilvægi þess að þetta ákvæði standist skoðun og verði raunverulega sú lagabót sem þarf til að efla samvinnu milli stofnana. Áhersla í frumvarpinu á samþykki þjónustuþega fyrir þjónustu og þ. á m. upplýsingamiðlum veikir vonir um að slík heimild nái markmiðum þeim sem stefnt er að og brýnt er að nái fram að ganga.

Þá er aftur betur á mikilvægi þess að sýslumaður sé talinn einn þjónustuveitenda vegna þeirra verkefna sem hann hefur á sínu borði. Sýslumaður getur bæði búið yfir mikilvægum upplýsingum fyrir aðra þjónustuveitendur og þjónustuveitendur geta búið yfir nauðsynlegum upplýsingum fyrir sýslumenn til að þeir geti fullnægt lögbundnu hlutverki sínu. Þess vegna þarf að taka allan vafa af um hvort sýslumaður teljist til þjónustuveitenda með því að tiltaka hann sérstaklega í 14. tl. 2. gr. frumvarpsins.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum er reiðubúinn að svara frekari spurningum eða mæta á fund velferðarnefndar Alþingis verði eftir því óskað.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Virðingarfyllst


Arndís Soffía Sigurðardóttir

